

Umhverfisstofnun

Áb.

- 4. ágú. 2016

Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík 4. ágúst 2016
UST201607-014/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Keflavíkurflugvöllur - bygging flýtireina. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu tveggja flýtireina við núverandi flugbrautir. Önnur brautin verður 290 m að lengd en hin verður 450 m löng. Breidd brautanna verður um 44 m og verða 23 m malbikaðir.


Talið er að gerð umræddra flýtireina muni auka afkastagetu og skilvirkni flugvallarins, en ólíklegt er að framkvæmdin auki heildar umferð um flugvöllinn.


Hér er um framkvæmd að ræða sem er viðbót við núverandi flugbrautir innan skilgreinds flugvallarsvæðis þar sem landi hefur þegar verið raskað. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á hljóðvist flugvallarins. Afköst flugvallarins mun aukast sem leiðir til meiri umferðar á hverjum klukkutíma á háannatíma, en óvissa er um fjölgun flugvéla og þar með um heildar áhrif framkvæmdarinnar á losum gróðurhúsalofttegunda.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velviðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur